

innar, sérlyfið **Behepan, Kabi**, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1975.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*

16. júní 1975.

Nr. 327.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

### Smáfiskur 60/100:

Nr. I .....	kr. 160.00
Nr. II .....	— 145.00
Nr. III .....	— 130.00

Verð þessi eru f.o.b.

Verðbil verði 3%, er miðist bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðhættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1975.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

1. júlí 1975.

Nr. 328.

## REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

### 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga svo og greiðslur skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 skulu hækka um 8% frá 1. júlí 1975. Þessi hækkun kemur til viðbótar þeirri 3% hækkun, sem verða átti 1. júlí skv. 6. gr. laga nr. 13 frá 23. maí 1975, þannig að heildarhækkun þessara bóta frá 1. júlí verður 11% frá því, sem í gildi var í júní.

Tekjutrygging (uppbót á lífeyri) skv. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, skal hækka um 8% frá 1. júlí frá þeim upphæðum, sem tiltekna eru í 7. gr. laga nr. 13/1975. Önnur ákvæði nefndrar lagagreinar haldast óbreytt.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 78. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um framhaldsdeildir gagnfræðaskóla nr. 99/1970.

## 1. gr.

4. gr. d-liður orðist svo:

- d) skiptingu kennslustunda, skiptingu námstíma í áfanga, svo sem í annir eða misseri.

## 2. gr.

5. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í framhaldsdeild eru:

Samræmt gagnfræðapróf með meðaleinkunn 5.0 eða hærrí í samræmdum greinum (íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði), sömuleiðis eldri gagnfræðapróf með jafnhárrí meðaleinkunn í sömu námsgreinum.

Landspróf miðskóla með meðaleinkunn 5.0 eða hærrí.

## 3. gr.

6. gr. b-liður orðist svo:

- b) Kjörsvið, þ. e. uppeldis- og hjúkrunarkjörsvið, viðskiptakjörsvið, tungumála- og raungreinakjörsvið og iðnkjörsvið. Fjölga má kjörsviðum eða fækka með samþykki ráðuneytisins.

## 4. gr.

7. gr. orðist svo:

Menntamálaráðuneytið ákveður hvenær og í hvaða námsgreinum skuli vera samræmd próf. Prófverkefni í samræmdum greinum skulu samín af mönnum skipuðum af ráðuneytinu. Stjórnskipaðir prófdómarar meta úrlausnir nemenda á loka-prófi, nema ráðuneytið ákveði annað. Umsjónarmaður framhaldsdeilda hefur umsjón með gerð, prentun eða fjölritun og útsendingu samræmdra prófa.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og hálfum frá 0—10 nema lokaeinkunn og aðaleinkunn sem reikna skal með einum aukastaf.

## 5. gr.

8. gr. orðist svo:

Í framhaldsdeild skal gefa nemendum vitnisburð við lok hvers námsáfanga eina einkunn í hverri grein. Einkunnir skal færa inn á skírteini nemenda og í prófbók skólans.

Kennari og prófdómari ráða að jöfnu einkunn á lokaprófi sé prófdómari skipaður í greininni, annars kennari einn.

Lokaeinkunn í námsgrein er meðaltal annareinkunna sé greinin kennd á fleiri en einni önn. Sé námsgreinin kennd á einni önn telst einkunn nemendans í greininni jafnframt lokaeinkunn.